

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2020.

Efni: Umsögn Náttúruminjasafns Íslands um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

Vísað er til frumvarps til laga um Hálendisþjóðgarð, mál nr. S 290/2019 sem birt var í Samráðsgátt stjórvalda þ. 18. desember s.l., þar sem lagt er til að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálendinu í samræmi við stefnuviflýsingu í sáttmála númerandi ríkisstjórnar.

Beðist er velvirðingar á því hve erindi þetta er síðbúið.

Náttúruminjasafn Íslands fagnar eindregið framlagningu frumvarpsins. Með því eru stigin afar mikilvæg skref í átt að heildstæðari verndun á hálandi Íslands, sjálfbærari nýtingu og lýðræðislegri stjórnsýslu á svæðinu en gilt hefur til þessa.

Hálandi Íslands er einstakt hvað varðar náttúru í hnattrænu samhengi. Þar er að finna ein stærstu óbyggðu víðerni Evrópu og svæðið á fáa ef nokkurn sinn líka hvaða varðar andstæður og fjölbreytileika í landslagi og náttúrumyndnum, með stórkostlegu sjónarspili elds, íss og vatns. Þá gegnir hálandið afar mikilvægu hlutverki í vistfræðilegu tilliti fyrir landið í heild og hafið umhverfis – hlutverki sem efnahagskerfi og tilvist okkar byggir á. Á hálandinu er að finna uppsprettur efna og orku sem vatnsföllin bera í sjó fram, jafnt til vaxtar í sjávarlífriki og viðhalds á kolefnisbúskap sjávar og þar með sýrustigi hans. Strandstraurumurinn, sem sjávarlífrikið er háð á margan hátt, er undir afrennsli ferskvatns af landi kominn. Umtalsverður hluti kolefnisbindingar á Íslandi fer fram á hálandinu fyrir tilstilli lágróðurs, en þar leika mosar stórt hlutverk. Á hálandinu eru einnig gróskumikil þurr- og votlendissvæði sem hafa margvíslega áhrif á vatnsbúskap landsins, auk þess að fóstra umtalsverðan og kvikan líffræðilegan fjölbreytileika af bæði jurta- og dýrakyni, þ. á m. stóra og sterka fiski- og fuglastofna sem Íslendingar bera ábyrgð á samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.

Hálandi Íslands með öllum sínum náttúrulegu og menningarsögulegu gögnum og gæðum er sameign þjóðarinnar sem landsmenn allir bera ábyrgð á og ber að vernda það og umgangast þannig að ekki spillist og komandi kynslóðir fái notið. Í ljósi þessa ber að veita sem flestum aðkomu að stjórna hálandisins og tryggja jafnframt að lögmál náttúrunnar og náttúrulegir ferlar ráði sem mest ríkjum þar, til hagsældar og hamingju okkar og komandi kynslóða.

Meginathugasemd Náttúruminjasafnsins á þessu stigi snýr að markmiðssetningu í 3. grein, II. kafla frumvarpsins. Þar vantar tilfinnanlega að bæta við nýjum tölulið með setningu um verndartilgang þess að stofna þjóðgarðinn. Með tilvísun í umfjöllunina hér að ofan um vistfræðilegt mikilvægi hálandisins legur safnið til eftirfarandi breytingu á 3. gr. (breytingatillaga rauðlituð):

„3. gr.

Markmið Hálendisþjóðgarðs.

Markmið með friðlysingu Hálandisþjóðgarðs samkvæmt lögum þessum er að:

1. Vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, víðerni, lífríki, jarðmyndanir og menningarmínjar.
2. **Tryggja tilvist heildstæðra vistkerfa og náttúrulegra ferla þannig að náttúra þjóðgarðsins þróist í sem ríkustum mæli eftir lögmálum náttúrunnar.**
3. Gefa almenningi kost að kynnast og njóta náttúru, menningu og sögu þjóðgarðsins.
4. Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.

5. Stuðla að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar.
6. Stuðla að rannsóknum og fræða um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu hans.
7. Leitast við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.
8. Vera vettvangur umræðu og ákvarðanatöku um landnýtingu innan þjóðgarðs og þróun hennar.
9. Endurheimta vistkerfi sem hafa raskast.
10. Varðveita þjóðlendur í þjóðgarði og viðhalda virði þeirra í náttúrfarslegu og menningarlegu tilliti sem sameiginlegrar eignar íslensku þjóðarinnar.
11. Stuðla að samvinnu og samstarfi við starf félaga og sjálfboðaliða um málefni landsvæðisins.“

Til að undirstrika betur breytingatillöguna í 3. gr. er lagt til að skjóta inn einu orði í 2. grein frumvarpsins (breytingatillaga rauðlituð):

„II. KAFLI
Þjóðgarðar.
2. gr.
Friðlýsing þjóðgarðs.

Friðlýsa má sem þjóðgarð stór náttúrusvæði sem eru litt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag eða eru mikilvæg í **vistfræðilegu**, menningarlegu eða sögulegu tilliti.

Friðlýsing skal miða að því að vernda heildstæð náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið og tryggja aðgang almennings að því til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins. Leggja skal áherslu á fræðslu og upplýsingar í þessu skyni. Þá er tilgangur friðlýsingar að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarf-semi í nágrenni þjóðgarðs og á landinu öllu.

Leita skal samþykks viðkomandi sveitarstjórnar áður en landsvæði í sveitarfélaginu er friðlýst sem þjóðgarður.“

Ekki eru gerðar fleiri athugasemdir við frumvarp þetta á þessu stigi.

Ráðherra er velkomið að leita til Náttúrumínjasafnsins um málefni þessa frumvarps ef því er að skipta.

Virðingarfyllst,


Hilmari J. Malmquist forstöðumaður


Skúli Skúlason prófessor


Viðar Heinsson rithöfundur og náttúrusögurýnir m.m.